

# HLUTHAFASTEYNA OG HLUTAFÉLAGALÖG

Vilhjálmur Bjarnason  
Framkvæmdastjóri og alþingismaður  
Samtök sparifjáreigenda

# HLUTAFÉLAG

## ⦿ Tilgangur fjármálastjórnunar er einfaldur:

- Að hámarka verðmæti fyrirtækis!
  - Að hámarka verðmæti reksturs!
- Að hámarka verðmæti verkefnis!
- ⦿ => Að hámarka verðmæti eigenda.
- Hliðarskilyrði!
  - Er allt heimilt?
  - Lög og reglur, viðskiptasiðfræði

# X. KAFLI. HLUTHAFAFUNDIR. ÆÐSTA VALD.

## 80. gr.

- Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutafélags samkvæmt því sem lög og samþykktir þess ákveða.
- Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum.
- Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls.
  - **Fyrir hvern situr þú í stjórn?**

# ÓTILHLÝÐILEGIR HAGSMUNIR EINSTAKARA HLUTHAFA OG HLUTHAFAFUNDIR.

## 95. gr.

- Hluthafafundur má ekki taka ákvörðun sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

# ÓTILHLÝÐILEGIR HAGSMUNIR EINSTAKARA HLUTHAFA OG HLUTHAFAFUNDIR.

## 96. gr.

- ⊙ Hluthafi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri getur höfðað mál vegna ákvörðunar hluthafafundar sem hefur verið tekin með ólögumætum hætti eða brýtur í bága við lög þessi eða samþykktir félagsins.

# KAUPSRETTARSAMNINGAR OG STARFSLOKASAMNINGAR

- **Eru engin takmörk við gerð kaupréttarsamninga?**
  - Við hvern er samningurinn gerður?
  - Við félagið sjálfst eða fjármálafyrirtæki
- **Er allt heimilt við gerð starfslokasamninga?**
  - Er ekki eðlilegt að greiðslur frá fyrirtæki miðist við öflun tekna?
- **Hlutafélagalög og hver eru valdmörk stjórnar?**
  - Að hámarka hagnað!
  - Að lágmarka tjón!

# KAUPRÉTTARSAMNINGAR

## DÆMI

- ⊙ Hlutabréf hækka um 5% á ári í 3 ár.
  - Heildarhækkun = 15,8%
- ⊙ Kr 10.000.000 kaupréttarsamningur.
  - Verðmæti kr. 1.580.000
- ⊙ Hluthafi sem á Kr 10.000.000.
  - Fórnar 10% vöxtum í 3 ár, þ.e. Kr 3.310.000
- ⊙ Markmið um 15% arðsemi er ekki náð!
  - Hver hefur ávinning?

# KAUPRÉTTARSAMNINGUR

- Hvaða árangurs er krafist með kaupréttarsamningi þar sem:
- Samningsgengi eftir 2-3 ár  
= Stundargengi í dag
  - Engin ávöxtunarkrafa gerð.
  - Einskis árangurs krafist, haldið í horfi.
- Kaupréttarsamningur er í eðli sínu ráðstöfun á eigin hlutabréfum.



# HVER ERU VALDMÖRK STJÓRNAR?

- Hlutafélag hefur gengið mjög vel.
- Í lok árs er ákveðið að greiða starfsmönnum sérstaka launauppbót vegna góðrar afkomu.
  - Hagnaðurinn er í sameign allra hluthafa!
- Er hér verið að taka ákvörðun um ráðstöfun á hagnaði?
  - Hefur stjórn hlutafélags þetta vald?

# STARFSKJARASTEFNA

- 1. Afhendingar hluta.
- 2. Árangurstengdar greiðslur.
- 3. Hlutabréf, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.
- 4. Lánasamningar (þar undir sérstök lánskjör), enda séu þeir heimilaðir samkvæmt þessum eða öðrum lögum.
- 5. Lífeyrissamningar.
- 6. Starfslokasamningar.

# HVER ERU VALDMÖRK STJÓRNAR? DODGE BROTHERS VS FORD

## ○ **Rekstur bílaverksmiðju gengur mjög vel.**

- Forstjóri og meirihlutaeigandi ákveður, vegna góðrar afkomu, að greiða kaupendum bíla afslátt.
- **Er slíkt ráðstöfun á hagnaði?**
- **Hver tekur ákvörðun um ráðstöfun á hagnaði?**

# ÓTILHLÝÐILEGIR HAGSMUNIR EINSTAKARA HLUTHAFA OG HLUTHAFAFUNDIR.

## 95. gr.

- ⊙ Hluthafafundur má ekki taka ákvörðun sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

## 96. gr.

- ⊙ Hluthafi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri getur höfðað mál vegna ákvörðunar hluthafafundar sem hefur verið tekin með ólögumætum hætti eða brýtur í bága við lög þessi eða samþykktir félagsins

# LÖG UM VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI

## 117. GR. MARKAÐSMISNOTKUN OG MILLIGANGA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKIS

- **117. gr. Markaðsmisnotkun og milliganga fjármálafyrirtækis.**

Markaðsmisnotkun er óheimil. Með markaðsmisnotkun er átt við að:

- 1. eiga viðskipti eða gera tilboð sem:
  - a. gefa eða eru líkleg til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna, eða
  - b. tryggja óeðlilegt verð eða búa til verð á einum eða fleirum fjármálagerningum, nema aðilinn sem átti viðskiptin eða gaf fyrirmæli um þau geti sýnt fram á að ástæður að baki þeim séu lögmætar og að viðskiptin eða fyrirmælin hafi verið í samræmi við viðurkennda markaðsframkvæmd á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði,

## LÖG UM VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI

### 117. GR. MARKAÐSMISNOTKUN OG MILLIGANGA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKIS

- 2. eiga viðskipti eða gera tilboð sem byggð eru á tilbúningi eða þar sem notuð eru einhver form blekkingar eða sýndarmennsku,
- 3. dreifa upplýsingum, fréttum eða orðrómi sem gefa eða eru líkleg til að gefa rangar eða misvísandi upplýsingar eða vísbendingar um fjármálagerninga, enda hafi sá sem dreifði upplýsingunum vitað eða mátt vita að upplýsingarnar voru rangar eða misvísandi.
- Þegar fjölmiðlamenn miðla slíkum upplýsingum í krafti starfs síns ber að meta upplýsingamiðlunina með hliðsjón af reglum um starfsgrein þeirra, svo fremi þessir aðilar hljóti hvorki ávinning né hagnist af miðlun viðkomandi upplýsinga með beinum eða óbeinum hætti.

# ERLEND FJÁRFESTING OG ENDURHEIMT FJÁRFESTINGAR.

- Hvað er það sem helst ber að varast við fjárfestingu á erlendri grund?
- Hvernig er gátlistinn?
  - Laga- og reglugerðarumhverfi.
  - Hver er réttarstaða kröfuhafa gagnvart skuldunautum?
  - Hvað með frjálst flæði fjármagns úr landi?
  - Hvað með gengisáhættu?

# ENDURSKOÐENDUR HLUTAFÉLAGA! HAFA HLUTHAFAR VERND AF ENDURSKOÐENDUM?

## ○ Hver kýs endurskoðendur?

- Hluthafar eða stjórn?
- Hvers vegna mæta kjörnir endurskoðendur á hluthafafundi?



pwc



▪ Til að verja stjórn eða gæta hagsmuna hluthafa gagnvart stjórn og svara hluthöfum?

▪ Eru skýrslur endurskoðenda skrifaðar á “plain english”?.



# FJÁRFESTINGARBANKI ?

## VIÐSKIPTABANKI ?

- **Viðskiptabanki í fjölpættu hlutverki!**
- **Viðskiptabanki ??**
- **Trúnaðarsamband banka og fyrirtækis !**
  - Viðskiptabanki lánveitandi !
  - Ráðgjafi í umbreytingu og fjármagnsuppbyggingu!
  - Fjárfestir fyrir sig og vörslusjóði!
  - Ráðgjafi annarra fjárfesta um fjárfestingar!
  - Miðlari!
  - Eru starfsmenn banka á innherjaskrá?
- **Hvar byrjar og endar hvert hlutverk?**

# HLUTAFÉLAGALÖG

## VIII. KAFLI. EIGIN HLUTIR. FRH.

- **55. gr.** Hlutafélag má ekki gegn endurgjaldi eignast eigin hluti með kaupum eða fá þá að veði ef nafnverð samlagðra hluta, sem félagið og dótturfélög þess eiga í félaginu, er meira en eða mun verða meira en 10% af hlutafénu.
- Með skal telja hluti sem þriðji aðili hefur eignast í eigin nafni en fyrir reikning félagsins.
- Hluti getur félag aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimildin verður aðeins veitt tímabundið og ekki til lengri tíma en fimm ára.

# HLUTAFÉLAGALÖG

## VIII. KAFLI. EIGIN HLUTIR.

- Í heimildinni skal greina hámarksfjölda hluta sem félagið má eignast og lægstu og hæstu fjárhæð sem félagið má reiða fram sem endurgjald fyrir hlutina.
- Félagið getur aðeins eignast hluti svo framarlega sem eigið fé þess fer fram úr þeirri fjárhæð sem óheimilt er að ráðstafa til úthlutunar á arði.
- Þegar eigin hlutir hafa verið dregnir frá eftir að félagið hefur eignast hluti má hlutaféð ekki nema lægri fjárhæð en fjórum milljónum króna.
- Aðeins má afla þeirra hluta sem eru að fullu greiddir.
- Ákvæði 1.-5. mgr. gilda eftir því sem við á þegar dótturfélag eignast eða tekur að veði hluti í móðurfélagi gegn endurgjaldi.

# FRUMVARP TIL LAGAUM BREYTINGU Á LÖGUM UM HLUTAFÉLÖG, LÖGUM UM EINKAHLUTAFÉLÖG OG LÖGUM UM ÁRSREIKNINGA

- ◉ Félagi sem hefur fengið hluti sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) er þó ekki heimilt að kaupa eigin hluti á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra.

# HÆSTIRÉTTUR

## DÓMUR 228 / 2009

- Hér áður er í helstu atriðum greint frá málsástæðum, sem stefndi reisir málsókn sína á, en þeim er jafnframt nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi.
- Ef frá er talin málsástæða hans, sem lýtur að broti gegn reglum um jafnræði hluthafa og afstaða hefur þegar verið tekin til, er þeim það sammerkt að þær eru reistar á ávirðingum í garð áfrýjenda vegna starfa þeirra í stjórn Glitnis banka hf., sem gætu ef réttar væru fellt á þau skaðabótaábyrgð gagnvart félaginu eða eftir atvikum refsíábyrgð, en ekki skaðabótaskyldu gagnvart einstökum hluthöfum.
- Verða áfrýjendur því sýknuð af kröfum stefnda.

# ARÐUR OG ENDURKAUP

- Það eru tvær leiðir til að koma verðmætum til hluthafa:
- Arður, að veita ákveðnum hluta hagnaðar til hluthafa, sbr. þó heimildtir hlutafélagalaga til að greiða arð.
  - Taka mið af að vernd kröfuhafa
- Að kaupa ákveðin hluta af eigin hlutabréfum, þ.e. minnka útistandandi fjölda hlutabréfa.
  - Aftur koma til sjónarmið til að vernda körfuhafa.
  - Endurkaupaáætlun.
- Arður og endurkaup forsenda fjárfestingar.